

## BÆJANÖFN O.FL.

Árið 2012 tók örnefnanefnd – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum – við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sendi nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum:

*Árprýði.* Úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi.  
*Bjarnastaðir.* Úr landi Hamrahóls og Syðri-Hamra, Ásahreppi.  
*Egilsstaðatjörn.* Úr landi Egilsstaða í Flóahreppi.  
*Espiholt.* Úr landi Espihóls, Eyjafjarðarsveit.  
*Espilundur.* Úr landi Espihóls, Eyjafjarðarsveit.  
*Hesthagi.* Úr jörðinni Þórisstaðir í Grímsnesi.  
*Kaldaðarnes II.* Úr landi Kaldaðarness, Sveitarfélaginu Árborg.  
*Klofahólar.* Úr landi Litla-Klofa í Rangárþingi ytra.  
*Lómsstaðir.* Úr landi Hamarsholts í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.  
*Lækjabrekka.* Úr landi Höskuldsstaða í Breiðdalshreppi.  
*Mosheiði.* Úr landi Litlu-Sandvíkur, Sveitarfélaginu Árborg.  
*Skeið.* Úr landi Hemlu I í Rangárþingi eystra.  
*Skógarás.* Úr jörðinni Ási III, Ásahreppi.  
*Stekkatún.* Úr landi Miðhúsa, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.  
*Sörlatunga.* Úr landi Haga II, Holtahreppi, Rangárþingi ytra.  
*Tungubotnar.* Úr landi Kjóstastaða I, Bláskógabyggð.  
*Vonarland.* Úr landi Vestri-Grundar, Sveitarfélaginu Árborg.

Árið 2012 fjallaði örnefnanefnd enn fremur um og féllst á beiðnir um eftirgreindar breytingar á nöfnum býla og sendi hin nýju nöfn hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum skv. lögum um bæjanöfn o.fl. nr. 35/1953 með síðari breytingum.

*Suðurá.* Áður Reykjahlíð garðyrkja, Mosfellsbæ.

Örnefnanefnd samþykkti breytingu á nafni Reykárhverfis í Eyjafjarðarsveit í *Hrafnagilshverfi*. Nafnið Reykárhverfi hefur verið við lýði í u.þ.b. tvo áratugi en ekki öðlast sess í daglegu tali íbúa á svæðinu. Þéttbýlið er ýmis kallað Hrafnagilshverfi eða einfaldlega Hverfið, en það byggðist á landi úr jörðinni Hrafnagili.

*Örnefnanefnd, 31. desember 2012.*

**Þórunn Sigurðardóttir**, formaður örnefnanefndar.